1952.

Janúarmánuður

1. Þriðjudagur. Austan, norðaustan andvari, bjart ÷10° C. Undanfarið hefur verið breytilegt átt og hognidri með snjójeljum. Er jafnfallinn snjór um allt SV land, þó meiri í ugpsveitum. Vindkulið sviftir til, öðruhvoru, lausamjöllinni, nogilega mikið til að draga í för og hefta umferð.

Í dag er einn af þessum ægi fögru dögum, sem eru óglymanlegir og endalaust er hogt að láta hugann dvelja við. Rifja upp fyrir sjer hina endalausu vidd. Hvergi sjer dökkvann díl. Sólin varpar raudmerludum geislum yfir snjóbreiðuna. Það minnir ekki á líf, heldur ekki líf-dauða. Dauðinn er ekki andstaða lífsins, heldur ekki líf. Þar er lífið ekki.

Ein slíkir dagar, þó ekki veki þeir andblæ lífsins í brjóstum manna, eru fegurðin sjálf, og náttúrum sem blundar undir svefnbloju vetrarinns - - -

O! hvað er jeg að rugla.

Gestir: Sigurður Helgason frá Heggsstöðum, Borgarf - skólafjelagi krakkanna.

2. NA kaldi, bjartviðri. ÷9°

Haddi og Venni fóru að reyna að koma

ýtunni í gang, en hún hefur stadid niður lejá
Skipuma síðan hætt var að vinna í haust-nór.
Ætluðu að moka snjó af vegum.
Ekki tókst að fá hana í gang - slappir geymar.
Mjólk var ekki sókt í dag.

3. N.A. kaldi, ljett skýjad fyrst, ÷ 13°, pyknar upp.
Haddi og Venni fóru en að sinna ýtunni. það fór á sönnu leið og í gjör. Ýta frá vegagerðinni kom um hádegi að Stokksegri. Mjólk sókt.
Nonni fór með Sighvati á Töjstum að Smádölum eftir tryppum, sem við áttum par - fann ekki nema annað tryppið okkar.
Gerði sunnan storm með skafrenningi og síðas rigningu um kvöldið.

4. Hogur V. Sv. skyjad, + 1°. Töluvert hefur rignt í nótt og snjóinn sjatnað, en gert slyddu síðast, svo að slomtverður í högum ef frýs á þetta, sem allt bendir til.
Drengirnir fóru enn að eiga við ýtuna, og fengu hana nú í gang. Mokuðu á Stokksegri.
Jeg fór í uppgjör að Brodratungu.

5. Síðarihluta nótur og frameftirdegi gekk lejer sunnan og síðas Sv. fórviðri - 13 stig í VC og 14 í Rv. - slydda fyrst, síðas rigning. + 3°.
Skemdir hafa einhverjar orðið af þessu veðri - enger lejer.
Nonni fór með Björgvin í Merkigerði með mjólkina að Selfossi. Björgvin kom lejer inn.

6. Sunnudagur. Hvass Sv., snjójel. ÷ 1°.
Við Nonni og Haddi fórum að Stokksegri í kvöld.

Fengum versta veður.

7. Suðvestan hvassviðri. Skiftir varla jeljum. ÷ 6°

8. NV andvari, smá snjójel. ÷ 7°
Síðdegis kom hjer oliubíll frá B.P. með hráolíu á tankinn vegna miðstöðvar og ljósamótors. Oliukinding var sett hjer niður fyrir jól - ~~[illegible]~~ kreikt upp á aðfangadag - og er þetta fyrsti oliubíllinn sem hjer kemur. Þetta er ekki búið að vera svo lengi í notkun að ljóst sje hverju það eydir. Ten það er þegilegt. —
Sögðu fordina sæmilegagóða - um Krysuvík.

9. Hægur NV., bjart að mestu. ÷ 7°
Gerðum upp reikninga m/b Hólmsteins. Útborgaður arður kr. 30.900.-

10. Hægur NA. ÷ 10°. Renningur að kvöldinu.
Við Nonni fórum að Stokkseyri. Böðvar Tómasson og Óskar Sigurðsson voru að selja Tómasi Karlssyni 1/3 af eigu sinni í m/b Hólmsteini, svo að nú eiga þeir 5/27 hver. Jeg gerði samninginn.

11. Hægur NA. ÷ 7°. Haddi og Nonni fóru í snjómokstur í morgun. Hafði lokast hjá Borg.
Gestir: Magnús í Hólum.
Jeg fór á fund í stjórn Hraðfrystihusi Stokkseyrar.

12. Hægur NA. þykkt loft. ÷ 10°. - S. hvassviðri, slydda og síðar rigning síðdegis.
Við fórum öll á afmæli Verkalýðs- og sjómannafjel. Bjarmi. Það er 48 ára. Við Tennur vorum gestir fjelagsi

13. Sunnudagur. SV. - 10-11 vindstig eftir hádegi snjójel. Hiti rjett neðan við frostmark.

1952

Janúar Gestir: Þorgeir á Hæringsstöðum.
Síðdegis kom Jón á Sunnuhvoli með 4 stelpur (Didda, Jóna, Didi, Nanna) sem ætla að ofa sóg með systu fyrir skemtun sem ungmennafjelagið ætlar að halda.

14. Minkandi NV. ljett skýjað. ÷ 3°
Nonni og Haddi fóru með × 250 á bílaviðgerðarstöð á Reyrarbakka. Ætla að taka mótorinn upp, bora hann upp – blokkina – og skifta um stimpla. Þessi ujel er búin að ganga síðan í maí 1946 – yfir 20 þús. km. árlegega. Hefur einusinni verið settir hringir á stimpla.

15. Hæg austanátt, sujójel ÷ 8°

22. Stinningskaldi N. A. Bjart. ÷ 5°
Undanfarna daga hef jeg verið í Rv. í erindum fyrir Hraðfrystihús Stokkseyrar. Þessa daga hefur sitt hvað borið við. Þann 18. gekk yfir A. stórviðri með sujókomu. Varð bátstapi í Grindavik – 5 menn drukna – Laxfoss strandar við Kjalarnes. Maður hvarf frá bíl við Hlíðarvatn – Jeg var á afmæli Stokkseyringafjelagsins í Rv. –
Í dag fórum við Haddi að Selfossi. Dagur Brynjúlfss. óskaði eftir að jeg tæki að mjer bústjórn á vontanlegu tilraunabú Búnaðarsamb. Suðurlands, sem ætlað er að stofnað verði að Langardælum í nor. Þetta er ekki hægt. – Í kvöld var jeg á fundi með útgerðarmönnum að ræða fisksölumál. Tvö undanfarin ár hefur frystihúsið orðið að salta mikið af fiski – neta fiskur – og lítur útfyrir að tap hafi orðið á þvi. Nú vil jeg – og Ásgeir Bir. – ekki kaupa nema frystingarhæfan

fisk, en bátarnir annist sjálfir söltun á þvi, sem salta þarf. Um þetta fæst ekki samkomulag, en sem komið er.

23. NA. kaldi, bjart a. m. – skýjað síddegis. ÷ 8°

Jeg fór að Stokkseyri og sat þar fund í stjórn frystihússins. Rætt um fiskkaup. Ef til vill er það ódlilegast að frystihúsið kaupi allan fiskinn, en jeg óttast að við sjenn ekki nunn til að koma honum nógu fljótt í peninga.

24. NA kaldi, bjart. ÷ 12°.

Jeg fór að Stokkseyri. Sömdum við háseta um kaup á fiskinum – bátarnir kaupa.

25. NA. andvari, bjart að mestu. ÷ 8° – Pálsmessa.

Um hádegið tilkynnti forsætisráðherrann, Steingr. Steinþórsson, að í nótt hefði forseti Íslands, hr. Sveinn Björnsson látist.

Sveinn Björnsson var fyrsti forseti Íslands, kosinn 1944, Velviljaður, góðmenni.

Útvarp og öll önnur starfsemi fjell niður frá hádegi.

Í morgun fóru þeir Haddi og Skúli til Rv. á x 241 með saltfisk frá frystihúsinu. Þeir losnuðu við fiskinn fyrir hádegi og fengu salt hjá Kol og Salt eftir hádegi.

Hólmsteins rjeri í dag. Fjek 2300 kg. Ægir reri í gar. Fekk þá 33

26. NA. kaldi, skýjað. ÷ 10°. Haddi og Nonni fóru með x 241 útá Eyrarbakka. Voru að laga fjaðrir o. fl.

Jeg var við þessa venjulegu langardagsafgreiðslu á skrifstofu hreppsins. Bátarnir fiskuðu lítið.

27. Sunnudagur. NA kaldi. Skýjað. ÷ 7°.

Nonni fór að Selfossi og sat þar ádalfund bílstjóra fjelags

Mjölnir. Gestir: Ásta Hannesdóttir, kennari.

28. A-NA. Snjógangur. ÷ 3°.

Mjer gekk illa að sofna í gærkvöld. Klukkan var farin að ganga 3. Meðal annars var jeg að velta fyrirmjer spurningunni „Hvaðan komum við? og hvert förum við?". Rjett fyrir kl. 3 vaknaði jeg, og sá þá – eins og stundum áður – hrjóstrugt landslag, lágann ás og utaní honum lítið hús, hlaðið úr steini, með einum glugga. Enga hreifingu. Horfði á þetta góða stund, svo smá fjarar það út. Hlíðstott hefur nokkrum sinnum borið við áður. Svo, rjett fyrir kl. 6 vakna jeg, og er þá sagt við mig eða með einhverjum hætti prýst inni meðvitund mína þessi setning: „Viturlega fram borin spurning, ber í sjer jafngildi svarsins" Fannst mjer, þegar jeg var að vakna, mjög áríðandi að muna þetta.

Í talnafræði liggur það ljóst fyrir, að þessi regla er rjett. T.d. Hvaðeru 2×2? Á öðrum sviðum er ekki jafn auðvelt að koma auga á þetta.

Þó má vera að reglan sje algild. Er sjálfsagt að reyna að skilja þetta. –

Haddi ætlaði til Rv. síðdegis, með saltfisk frá frystihúsinu. Ólag var á bílnum – rafmagnið – og hætti hann við ferðina.

29. S. Sv. kaldi. Skúrir. + 2°. Haddi og Vanni fóru í morgun til Rv. – Gestir: Baldur Teitsson símstjóni – fluttu krakkana heim vegna þess að engin bíll var við hendina. Lát inn. ×

30. S.A. kaldi, rigning. + 2°. Um kl. 5 gekk til Vestan,

× Í kvöld voru hjer Böðvar Tóm. Ólar Sig. og Helgi Sigurðss. Vorum að gera upp ársrekning Hásteins. Heldur ljelag afkoma

síðar norðvestan, með mikilli snjókomu.
Haddi ætlaði að taka fisk á bílinn í kvöld, með Reykjavíkur ferð fyrir augum á morgun. Vegna veðurs var hætt við það.

31. Norðvestlæg átt, hogur. Snjójel. Hiti um 0°.
Nú eru flestirvegir um suðurland ófærir af snjó.
Mjólkurbíllinn kom hjer ekki í morgun. Fór þó að Selfossi.
Drengirnir brutust með mjólkina hjer af bæunum að Stokkseyri um miðjan dag, og var ætlunin að homa henni að Selfossi. Vegna veður útlits og fordar var hætt við það og hún sett inn í pakkhús hjá K. Á..
Síðdegis rjeðst veðrið betur en útlit var fyrir.

Allur hefur janúarmánuður verið erfiður ~~til~~ bæði á sjó og landi. Fárviðri og slysfarir margar á sjó. Samgöngu örðugleikar á landi – 1 maður tapaðist frá bil við Hlíðarvatn.

Febrúarmánuður 1952

1. Hogur A. SA., snjójel framan af, skýjað síddegis. ÷ 0 – 2°. Samgöngu örðugleikar sömu og áður. Mjólk þó sókt hingað í dag.

2. Hogur NA., skafrenningur framanaf. Skýjað ÷ 2° Haddi og Nonni fóru með mjólkina viður að Steyri. Þar tók hana bill frá K. M. B. F. Mokuðu með ýtunni frá Hoftúni, um Stokkseyri – Eyrarbakka. Forseti Íslands, hr. Sveinn Björnsson var jarðsttur í dag. Steingrímur Steinþórsson forsotis-ráðherra flutti góða ræðu – hitt var bull.

3. NA. Sunnudagur. Bjart framanaf. Þyknaði upp frá Sv. um sólarlag. Fjúk um kvöldið ÷ 10° – Ball hjá K. M. F. S. um kvöldið. Systa, og fleiri stelpur sungu. Krakkarnir fóru öll.

4. SAA. Stinningskaldi, rigning öðru hvoru. + 2° Í dag er rudd leiðin frá Selfossi – Stokks – og víðar. Nonni og Haddi fóru á X 241 til Rv. með fisk. Gyða fór líka. Komu kl. 3 til Rv. – Nonni og Haddi fengu að sofa í „kjallaranum".

5. Sv. kaldi, skúrir. + 4° framanaf degi. Snjójel um kvöldið. Jeg fór að Stokkseyri sem kvöldið. Gerðum upp ársreikning Hersteins. Drengirnir komu frá Rv. kl. 1 (síddegis) – Slysalausferð hjá þeim. Þrir, af 7 bílum, sem í þessa ferð fóru, biluði – brotið drif; Hásing undan og úrbraddur. Gestir: Árni Tómasson.

6. NV kaldi, snjójel og renningur fyrst, ljett skýjað síddegis ÷ 1°. – Við Venni fórum að Selfossi – Systa og Hákon fóru líka

- í spilatíma. Slitróttford - krap og snjór.

7. N - NA kaldi - var allhvass í nótt - bjart, skafrenningur ödruhvoru ÷ 4°. Í morgun fór Vunni til sjávarstorfa að Stokkseyri - Hástein. Haddi fór til Rv. með saltfisk. Var nóttina þar.
Naturgestur: Jón í Fjalli.

8. Nordlog átt, hoguidri. Bjart að mestu ÷ 8°.
Allir bátar rjeru (Hersteinn er ekki kominn á flot). Afli var lítill - rúmt tonn. Jeg fór að Stokkseyri síddegis.

9. Austan kaldi. Snjó yringur úr lofti ÷ 5°.
Jeg fór á skrifstofu hreppsins kl. 4. - 3 bátar reru. Sáralítill afli.
Um kvöldið komu þeir hjer Sigluvatur á Tóttum og þorgeir á Horingsstöðum. Vorum að gera upp ársreikning bímaðarfjelagsins.

10. Sunnudagur. Nordlog átt, bjart. ÷ 6°.
Jeg fór að Stokkseyri kl. 2 og sat fund rafveitu - nefndar. Var verið að ganga frá breytingum á gjaldskrá. Kl. 5 var messað. Við fórum í kirkju, öll nema Nonni, Haddi og Erímur.
Röða prestsins var hörð ádeila á kirkjuna og prestana fyrir að hafa vikið af vegi Krists. Kirkjan leggur blessun yfir styrjaldir, og hvyr kappblaup um auð og völd. Prestarnir sokjast eftir auði. Andi Krists er brödralag, friður, gleði. - Jeg er þess full viss að röða þessi mundi vekja mikið umtal og ádeilur, ef hún vori birt - Röðan var ágot.

11. NA andvari, bjart. ÷ 9°. Sára lítill afli í dag.

12. Austan andvari, ljettskýjað framanaf, þyknaði upp og snjóaði að kvöldinu. Í dag var Hersteinn

settur fram. Haddi stladi að ~~setja~~ draga hann með ýtunni, en þegar til átti að taka fjekst hún ekki í gang. Skifti ekki yfir frá bensín á hráolíu.
Vorum þúr í þessu allandaginn Haddi og Nonni.
Tengu það ekki að fullu í lag.
Skúli dróg látinus með X 241. – Skárra fiskíri.
Gestir: – Laufey Kláasdóttir Hólshúsunn.

13. Hogvidri fyrst. Um kl. 11 hvesti NV. skafrenningur Bjart a. m. ÷ 2-3°.
Jeg fór að Selfossi ásamt ödrum stjórnarnefnarmönnum frysti hússins. Vorum að röda við Kínar Pálsson um rekstrarlán og fjármál hússins. Hann tók okkur vel.
Um kvöldið sömdum við um kaup á fiski.
– Svenni er að hugsa um að kaupa Björgvin á Stokksegri. Hann er illa staddur með húsnöði. Þetta er gamalt hús. nýlega uppgert, ca 50 m² og á að kosta 70 þús. – Auk þess þarf að kosta einhverju til þess. – Þetta er of dýrt, en það er líka dýrt að byggja.

14. Hogvidri, skýjað. ÷ 5°. Nonni fór með X 241 útá Kb. á gera við hjörulið á liftemunn. Hann varð nóttina þar.
Haddi lauk við að koma ýtunni í lag.
Siddegis fórum við Emmur að Dvergasteinum.
Svenni keypti Björgvin í dag.

15. Hogvidri, skýjað. ÷ 3°. Ádalfundur búnaðarfj

16. Hogvidri, þoka, rigning + 2°. Haddi fór með bein til þorlákshafnar. Jeg fór á skrifstofu hrypsúss. Krakkarnir fóru á ball. – Í kvöld fjekk jeg brjef frá sjera

Sigurði Reinarssyni í Holti þar sem hann býður mjer rúm fyrir ofisögu þátt í nosta bindi af „Ísl. bonda-höfðingjar". Jeg held að það sje ofotlun mjer, að setjast á þann bekk, að vísu vel boðið, en ádrir eldri menn ottu að ganga þar fyrir.

17. Vestlog átt, skúrir þoka. +4° – Sunnudagur.
Gestir: Imba og Jóhann Vernhardur – sonur hennar – og Pálína saumakona – saumakennari hjá kvennfjelaginu, á Heima í Hafnarf.
Krakkarnir fóru að Stokkseyri í kvöld til að horfa á Gunnar Salomonsson – Versus – þau ljetu heldur létið yfir.

18. Suðvestlog átt, rigning, þoka +5°
Drengirnir taka mót utan af geymslunni.
Jeg er að byrja að taka saman fylgiskjöl hreppsreiknings.

19. Suðvestlog átt, rigning +5°; All hvas og hvass um kvöldið, snjójel.
Þeir komu hjer þorgeir og Sigtvatur. Vorum að ganga frá áburðarpöntunum búnaðarfjel. Siddegis fór jeg að Stokkseyri til móts við Ingólf þorsteinsson. Hann átti að greiða til hreppsins rúmar 6000 kr. – lýpkvun á Iraðarholtsskurði. Þetta gerðist ekki upp að svo stöddu.
Undanfarið hefur verið ör bláka. Er nú farið að renna yfir vegi. Hnje natu var á veginum ofan við Pálsbo.

20 Hogur Sv. smá snjójel. ÷ 2°
Jeg fór að Selfossi með þau Systu og Hákon í spila tíma. Árni Tómass. fór með.

21. Hogviðri, smá snjójel (skóvarpa lausamjöll eftir nóttina) ÷ 1-2°. Jeg fór á fund í stjórn frystihússins. - Það er illt að eiga við mannskapinn. Nú krefjast þeir að fá aðra vigtarmann - Guðm. Tímarss. og Bjarni Nikuláss. hafa vigtað. Kvarta um ólíðlegheit og jafnvel ranga vigt.
Jeg held að þetta sje aðallega illgirni og áróður, sem ekki á að slá undan - verður þó víst svo að vera.
22. Logn að mestu. Þykkt loft. ÷ 2°. Róið í dag. Dágóður afli á línu - 3-4 tonn - Tekkert í net-1 bátur.
23. Breytileg átt, þokuloft, rigning öðru hvoru + 2-3°
24. Sunnudagur - konudagur = Góa byrjar. Breytileg átt þokuloft, rigning. + 4° - Hefur hlánað mikið í nótt og dag, en á miklu er að taka. Snjór er allur farinn hjer, nema einstaka skaflar við hús, en klakinn er yfir öllu. Einstaka rimi standur uppúr - ofan við Holtsvatn og kringum Stekkinn. Má telja að hjer hafi verið hagloust fyrir hross frá áramótum.
Mikið leysingarvatn streymir nú fram og flöðir víða yfir vegi.
25. Breytileg átt og hogviðri, þokuloft, rigning öðru hvoru + 4°. Drengirnir sóktu Ólaf á Bangstöðum í dag, og eru þeir nú að vinna að yfirgerðinni á verkforagnyst sem hjer er í Byggingu. Voru sperrur reistar fyrir jól. Hefur ekki verið hogt að vinna að þaní síðan.
26. Sv. kaldi og smáskúrir frammeftir degi + 5°. Hvesti, og gerði snjójel um kvöldið.
Nanni fór til Rv. með fisk fyrir frystihúsið.
Gestir: Árni Sómasson og Pjetur kar? - Norðmaður - giftur Sigríði Eislad. Skúlasonar frá Stórahrauni. Hann vinnur hjá Landsmiðjunni.

27.-29. Þessa daga var jeg í Rv. Hogvidri, hiti um og látid undir frostmarki.
Nonni hefur verid ad flytja saltfisk. 29. var billinn tekinn í skodun í Rv. og tekinn úr umferd sökum þess ad hann var bremsulaus ad aftan.
Sídan um áramót, eda fyr hefur Hellisheidi verid Ófor. Var opnud 28.- Febrúar hefur verid fremur vedragódur.
Snjó leysti tölvert sídari hluta mánadarins.

Marsmánudur 1952.

1. Hvass NA. ÷ 8°, bjart ad mestu. — Nonni kom í nótt
2. Sunnudagur. Hvass NA., bjart. ÷ 9°. Jeg fór til kirkju. Gestir: Stúlka frá Högnastödum - skólasystir Lydu og Systu.
3. All hvass NA. ÷ 10° - Bjart. Nonni fór í dag ísta Cb., ad láta gera vid stírisenda á bilnum.
Ágatt fiskiri í dag - netafiskur.
4. Hvass NA., ljettskýjad og skýjad. ÷ 5° - sídar um 0°
Tregur fiskur í dag.
Nonni er í beinaflutningum til Þorlákshafnar.
5. Hvass NA, skýjad. Hiti um 0°. Treg fiski.
Nonni er í beinaflutningum.
6. Hvas A. NA., skýjad. hiti um 0°. Treg fiski - beinaflutn.
7. Hagaer NA. Bjart. ÷ 5°. Somil. fiskiri - beinafl.
Í kvöld kom Magnus Sigurdsson med stelpurar sem hafa verid ad ofa söng med Systu. Þær ætla ad syngja á Húsatóftum annad kvöld - á vegum

ungra Framsóknarmanna.

8. Hogus NA. Bjart. ÷ 4°. Somil. fiskiri - beinaft
Undanfarið hefur verið til athugunar að kaupa nýja báta - og selja Steinana. Í dag var á Stokkseyri staddur Friðrik Mattiasson úr Vestmannaeyjum, en hann er umboðsmaður fyrir vjelategund þá sem um er rott að kaupa í vontanlega báta - Hundested. Við roddum við hann á hótelinu. Mjer fanst heldur lítið á honum að groða.

9. Sunnudagur. Hogviðri, skýjað - mjójel um kvöldið ÷ 2-4°. Við Nonni fórum að Traðarholti.
Jeg var að gera upp við Jón, haustvinnuna í verkforageymslunni. - Þar sá jeg hund-afkomanda hundsins sem bjargaðist úr Geysisslýsinu á Vatnajökli, mjög stór og aðsúsmikill. Ekki vildi jeg láta slíkt dýr ganga laust í bönum, en góður ferðafjelagi mundi hann vera.
Í gor og dag er á Stokkseyri - samkomahúsinu - bókamarkaður frá Helgafelli. Við komum þar og keyptum nokkrar bokur. Bokur hafa altaf freistað mín, þó oftast hafi annað orðið að ganga fyrir. - Góður afli.

10. Blíðviðri. Ljettskýjað og bjart. Hiti 0-2°
Ágatur afli (Ögir fjekk, að talið var, 3200 fiska, en það mun vera mesti afli sem hjer hefur komið á land úr einni veiðiför - Aðrir bátar fengu 8-1200) Jeg fór með tenni til lokuis í dag. Hún hefur verið lasin undanfarið - of hár blóðþrýstingur.

11.-15. þessa daga hef jeg verið í Rv.) og 14. var jeg á adalfund M. B. F. Veðrið hefur verið mjög mult, hæg austlæg átt, oftast skýjað og 4-6° hiti. Fiskiri hefur verið gott. Lyða var farin til Rv. og þarmeð lögð uppí Englandsferd sína, en þá kom skeyti frá Ásu, að hún ætti ekki að koma fyr en 15. april.

16. Sunnudagur - A. SA. kaldi, rigning - + 4°
Í dag fór jeg, Sighvatur og Árni Tómasson að Sandvík, en þar var að ljúka mánaðar bondanámskeiði á vegum Búnaðarsambands Suðurlands er 14 piltar hafa verið á. Námskeiðið var opið almenningi í gær og dag. Piltarnir fluttu 4 erindi í dag, 2 í húfjárrokt og 2 í jarðrokt. Furðaði mig á hver tök þeir höfðu á efninu. Heimilin í Sandvík veitta kaffi og mat af mikilli rausu. Nokkrar umræður voru.

17. S. SA. stinningskaldi, rigning síddegis + 5°. - Drengirnir eru að hjálpa Svanna að standsetja í Björgvin áður en þau flytja í húsið. Eru að rjetta gólfin af með steypu.
- Gestir: Hjer komu Magnús Endmundss. frá Skórðum í Dalasýslu og Björgvin Jónsson frá Selfossi - K. Á. -
Magnús er að leyta, eftir umhoðum eða brjefu í Kúnskip fyrir SÍS.

18. Stinningskaldi S. SA. rigningarhraglandi, + 5-6°
Steyptum hattinn á stoðrana á verkfærageymslunni.

19. V. SV. kaldi og stinningskaldi, +2-4°, snjójel.
20. V. SV. kaldi, snjójel. Hiti um og yfir 0°
Hjer komu Bödvar, Ásgeir, Björgvin og Lísli – Vid skál.
Í kvöld fór jeg ad Stokkseyri til móts vid Axel Halldórsson framkvæmdastjóra Ödins í Vestmannaeyjum.
Hann var ad röda vid okkur um bátakaup.
Med honum var danskur madur, Hans Öhrström, sem hafdi med ferdis sýnishorn af linum og hödlum sem hann vildi selja.
21. All hvass vestan, snjójel. Hiti um 0°.
Nanni og Haddi fóru ad Selfossi til móts vid fjelaga sína úr vesturförinni, en þeir höfdu þarna fund.
22. Sunnud. Hagvidri. +2-3°. Snjórinn er nú ad sjatna
28. S.-SV andvari, þokuloft +4-5°.
Alla vikuna hefur verid bliðu vedur, A – S.
Á midvikudag var ÷ 8° – ÷ 5°. Annars hefur verid þýdvidri. Snjórinn er nú ad mestu farinn aftur.
31. SV. andvari, Skýjad, smá skúr siddegis +2-4°
Jeg fór ad Selfossi med Systu og Håkon.
Bakkadi jeppanum á símastaur, braut afturljósid og beigladi körfuna svolítid.
Drengirnir fluttu þara í gard. Fiskilaust.